

Skýrsla Krýsuvíkurnefndar Sörla á aðalfundi 2018

Á síðasta aðalfundi gáfu eftirtaldir kost á sér og voru kjörnir í stjórn:

- Guðmundur Smári Guðmundsson, formaður.
- Sigríður Kr Hafþórsdóttir, gjaldkeri.
- Eyjólfur Þorsteinsson
- Gunnar Ólafur Gunnarsson
- Gunnar Þór Karlsson
- Pétur Ingi Pétursson

Ekki eru haldnir formlegir fundir hjá okkur í Krýsuvíkurnefndinni, en við fundum í raun í hvert skipti sem við hittumst og erum að vinna saman, þá ræðum við hvað þurfi að gera næst, nú eða við hringjum okkur saman.

Allir skuldlausir Sörlafélagar geta sótt um hagabeit í Krýsuvík, tímabilið er frá 15.júní – 15. des svo framalega sem veður og árferði leyfa, það er takmarkaður hrossafjöldi, síðastliðin ár höfum við miðað við 80 hross, hrossunum er skipt upp, reiðhestar eru þar sem auðvelt er að nálgast þá og er þeim smalað í Hvamminn ef fólk ætlar að ríða út, en hross sem ekki eru í brúkun eru höfð sér.

Starfið er í föstum skorðum, en nánast á hverju ári verðum við að byrja á því að gera við veginum niður í Hverahlíð vestan megin við vatnið, það eru allaf gríðalegir vatnavextir á vorin í leysingunum þannig að vegurinn grefst í burtu, við þurfum bæði að gera við veginn í ár og laga ræsi.

Við berum á um miðjan maí, Hafnarfjarðarbær hefur lánað okkur vél og dreyfara, við kaupum alltaf áburðasekki sem að við berum á, einnig hefur Hafnarfjarðarbær dreift hrossaskýt fyrir okkur sem kemur úr Hlíðarþúfum og einhverntíman fengum við hænsna skít sem okkur lagnar rosalega mikið að fá aftur því það er í raun besti áburður sem maður getur fengið, við höfum gert ítrekaðar tilraunir en ekki fengið þannig að við verðum bara að halda áfram að sækjast eftir því.

Nú við þufum að yfirfara allar girðingar á vorin áður en hrossunum er sleppt, þetta er orðin töluverð vinna, þar sem við höfum undanfarin ár skipt svæðinu upp í 9 hól, þannig að þetta eru orðnir nokkrir km sem þarf að fara yfir, en með þessari stýringu nýtis beitin miklu betur. Við erum búin að vera mjög dugleg að skipta út gömlum girðinum síðastlin ár og erum við einnig að fara að bæta við einu hólfi sem að við erum búin að fá leyfi til að girða af fyrir hrossin.

Við auðvitað smölum alltaf stóðinu saman á haustin og rífum undan og gefum ormalyf áður en við sleppum þeim upp á Lambafellið.

Ásóknin í Krýsuvík mætti vera meiri, en núna í sumar voru einungis tæplega 60 hross, reiðleiðirnar eru ágætar en við ríðum bæði utan og innan girðinga og það er ótrúlega þægilegt að þurfa ekki að keyra nema í ca 20 mín þá er maður komin í hagann og einnig er orðið auðvelt að samala reiðhestunum inn í Hvamm, nú ég vil bara benda félagsmönnum að kynna sér þessa aðstöð sem þeim stendur til boða.

Þeir sem gefa kost á sér í Krýsuvíkurnefnd næsta starfsár eru:

- Guðmundur Smári Guðmundsson, formaður.
- Eyjólfur Þorsteinsson
- Gunnar Örn Ólafsson
- Gunnar Þór Karlsson
- Pétur Ingi Pétursson
- Ólafur Þ Kristjánsson

Fyrir hönd stjórnar Sigríður Kristín Hafþórsdóttir